


Spádómarnir um Ísland

Árið 1939 vöktu kenningar enska pýramídafræðingsins Adams Rutherford's verulega athygli hér á landi. Dr. Adam Rutherford hafði stundað nákvæmar rannsóknir á Pýramídanum mikla við Gíza í Egyptalandi. Líkt og flestir pýramídafræðingar þess tíma hélt Rutherford því fram að Pýramídin mikli væri ritning eða spádómsverk greypt í stein.

Adam Rutherford taldi pýramídan mikla skýra frá rúmfræðilegri hnattstöðu Íslands og benda með táknum á ætlunarverk Íslands viðvíkjandi undirbúningi nýskipunar heimsins — þúsund ára ríkisins. Árið 1937 gaf hann út í Bretlandi litla bók sem bar titilinn „Hin mikla arfleifð Íslands“ (*Iceland's Great Inheritance*). Í formála, sem hann ritaði fyrir kverinu, segir:

„Ísland er eitt af merkilegustu löndum heimsins, og blöðin, sem hér fara á eftir, hafa að innihaldi sönnun þess, að þessari litlu þjóð, Íslendingum, sé ætlað að leysa af hendi undursamlegt og göfugt hlutverk við fyrirhugaða stórviðburði í náinni framtíð. Höfundurinn er sannfærður um, að þetta mikla ætlunarverk Íslendinga muni verða til blessunar, eigi aðeins fyrir Íslendinga sjálfa, heldur og fyrir frændþjódir þeirra, Norðurlandabúa, Engilsaxa og Kelta. Ég vil óska þess, að bæklingur þessi megi verða að nokkru gagni í því að hjálpa til að búa Íslendinga undir það, að taka við hinni miklu arfleifð sinni.“



Skýringarmynd úr riti Adams Rutherford's, Hin mikla arfleifð Íslands, sem kom út á íslensku árið 1939

Í þessu smáriti er að finna tvo spádóma um Ísland og íslensku þjóðina.

Fyrri spádómurinn segir frá því að árið 1941 muni Íslendingar öðlast fullkomið stjórnámálalegt frelsi. Samkvæmt sambandslögunum við Danmörku höfðu Íslendingar ekki lagalegan rétt til þess fyrr en tveimur árum síðar og þótti því flestum ólíklegt að spádómurinn rættist. Hernám Danmerkur í seinni heimsstyrjöldinni varð hins vegar til að breyta stöðu mála. Vorið 1941 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga sem gerði Ísland í raun að óháðu ríki. Sveinn Björnsson, síðar forseti, var kosinn ríkisstjóri og Bretar og Bandaríkjamenn viðurkenndu Ísland sem sjálfstætt ríki. Spádómurinn hafði komið fram.

Seinni spádómurinn á að gerast við endalok núverandi menningar. Ísland verður eins og ljósdepill í myrkvuðum heimi og þá „*munu Íslendingar taka sér fyrir hendur að leysa viðfangsefni, sem mikla blessun munu hafa í för með sér fyrir allt mannkynið*“. Íslendingar munu tendra það ljós, sem á eftir að valda andlegri vakningu er breiðist út með mörgum þjóðum. „*Eldeyjan í vestri*“ á að verða oddviti eða ljósberi sem vísar mannkyni inn í nýtt tímabil sögunnar. Um hið göfuga hlutverk íslensku þjóðarinnar segir Rutherford meðal annars:

„Nú á dögum eiga sér stað miklar hreyfingar, en Ísland á bráðum, undir handleiðslu Guðs, að hefja hina mestu andlegu hreyfingu vorrar aldar, þá hreyfingu, sem mun leiða allar þjóðir Bretlands og Norðurlanda inn í nýtt tímabil í sögu þeirra... Það, sem því liggur nú rakleitt fram undan, er, að Ísland nái skjótt andlegum yfirráðum, og áhrif þess munu, eins og stór viti, smám saman uppljóma hið mikla Bretaveldi og byrja á Skotlandi... Látum oss biðja þess, að Guð hraði komu þess dags, er Ísland á að verða kallað Eyjan helga og Íslendingar, Þjóðin helga. Látum alla, sem skilja, hve mikilsvarðandi þessi dásamlega köllun er, gjöra allt, sem þeir geta, Íslandi til upphafningar. Því að hinar voldugu engilsaxnesku þjóðir geta ekki til fulls tekið við arfleifð sinni, né heldur getur heimurinn gengið inn í blessunaröldina, sem hann á í vændum, fyrr en Ísland er undirbúið og komið inn á sjónarsviðið í skærum ljóma sem fyrirrennari hinnar dýrlegu, nýju aldar.“

Um leiðarvísa pýramídans segir Rutherford svo:

Eins og vér höfum sýnt fram á, myndar Reykjavíkurgeislinn vesturjaðarinn á Íslandsrákinni, og er hann sérstaklega þýðingarmikill sökum hinna mikilvægu andlegu tákna, sem við hann eru tengd. Einmitt í Pýramídanum mikla sjálfum gengur Reykjavíkurgeislinn beinlínis undir sæti toppsteinsins - en toppsteinninn sjálfur er fullkominn pýramídi að lögun og táknar Krist upprisinn og er hátt upphafinn sem stór táknsamlegur „höfuðsteinn“. Alveg eins og Betlehemsgeislinn benti til þess, hvar Messías myndi koma í heiminn sem ungbarn, í fyrri tilkomu sinni, eins er um Reykjavíkurgeislann, að með því að ganga undir hinn háreista toppstein, vísar hann oss á, hvar fyrst eigi upp að renna - undir forystu Krists hins upprisna - hin nýja guðsríkis öld, þar sem að lokum verður vilji guðs „svo á jörðu sem á himni“. Reykjavíkurgeislinn vísar oss á staðinn, þar sem enginn er herbúnaðurinn, þar sem sértrúarandinn er í raun og veru ekki til og þar sem kristilegt frelsi hefur yfirráðin. Reykjavík! Hversu háleitur heiður hlotnast þér! Reykjavík er þannig einstök borg - borg, sem kjörin er af Guði í andlegum tilgangi.

Er Ísland í spádómsbók Jesaja?

Í fyrsta hluta Jesajabókar eru spádómar sem fjalla um komandi „þrengingatíma“ eða „efsta dag.“ Í 24. kafla Jesaja segir svo:

„Jörðin viknar og kiknar, heimur bliknar og kiknar, tignarmenni lýðsins á jörðu blikna. Jörðin vanheltast undir fótum þeirra, er á henni búa, því að þeir hafa brotið lögin, brjáláð boðorðunum og rofið sáttmálann eilífa. Þess vegna eyðir bölvun jörðinni og íbúar hennar gjalda fyrir það. Þess vegna farast íbúar jarðarinnar af hita, svo að fátt manna er eftir orðið.“ (Jesaja 24:4-6)

Í miðjum 24. kafla Jesaja er skotið inn frásögn sem segir að á tilteknu svæði jarðar muni fólk vegsama Guð og syngja honum lof. Adam Rutherford túlkar frásögnina þannig, að meðan á þrengingunum standi, muni stórfelld andleg vakning eiga sér stað á Íslandi. Spádómurinn er þannig samkvæmt þýðingu ensku Biblíunnar:

“They shall lift up their voice, they shall sing for the majesty of the Lord, they shall cry aloud from the sea. Wherefore glorify ye the Lord in the fires, even the name of the Lord God of Israel in the isles of the sea. From the uttermost part of the earth have we heard songs, even glory to the righteous.” (Isaiah 24:14-16. KJV)

Sömu vers samkvæmt íslenskri þýðingu Biblíunnar frá 1981:

„Þeir hefja upp raust sína og fagna. Yfir hátígn Drottins gjalla gleðiopin í vestri. Vegsamið þess vegna Drottin á austurvegum, nafn Drottins, Ísraels Guðs, á ströndum hafsins! Frá ysta jaðri jarðarinnar heyrðum vér lofsöngva: „Dýrð sé hinum réttláta!“

Rutherford telur upp þrjú atriði, varðandi þennan stað, þaðan sem lofgjörð mun heyrast á afar erfiðum tímum:

1. Staðurinn er eyland, því lofsöngvararnir eru sagðir koma frá „hafinu“ eða „eyjum hafsins“ („á ströndum hafsins“ samkvæmt íslensku Biblíunni). Gamla testamentið var að sjálfsgöðu skrifað á Hebresku. En sama orðið í Hebresku er notað fyrir *haf* og fyrir *vestur*, orðið „*yom*“. Þar sem við höfum engar eyjar sem máli skipta sem ekki eru umluktar hafi, hlýtur rétt þýðing að vera „á eyjunum í vestri“. Einu stóru eyjarnar í vestri eru Bretlandseyjar og Ísland en það sem á eftir fer sýnir að það er ein af þessum eyjum sem átt er við og það verður fólkið á þeirri eyju sem að lokum fær íbúa annarra eyja einnig til að syngja.

2. Í spádómunum er eyjarskeggjum lýst þannig að þeir búi innan um elda („á austurvegum“ samkvæmt íslensku þýðingunni). Í okkar heimi vitum við ekki af öðrum eldum en jarðeldum og af þessum eyjum er það Ísland eitt sem hefur virk eldfjöll. Að auki eru á Íslandi fleiri eldfjöll að tiltölu við stærð en í nokkru öðru landi. Á Íslandi hafa gríðarleg hraungos átt sér stað á nútíma, sem ekki eiga sinn líka nokkurs staðar í heiminum. Það er tiltölulega stutt frá árinu 1783, en þá kom úr Lakagígum hraunstraumur sem var 45 mílur á lengd og 15 mílur á breidd. Stefán Stefánsson segir í bók sinni um Ísland, að þetta sé mesta hraungos sem skráð hefur verið og eigi tæpast sinn líka á sögulegum tíma. Menn vita ekki betur en að þetta sé mesti eldur sem sést hefur á jörðinni

frá því mannkynið varð til. Ísland hefur allt verið myndað af eldi. Tilvera landsins, er alfarið eldvirkni að þakka og hinir mörgu hverir og heitu laugar sem finnast um alla eyjuna tengjast eldvirkni undir niðri. Ísland er þekkt meðal Evrópumanna, sem „*land eldsins*“. Íslenska þjóðin hefur sannarlega lifað meðal elda!

3. Spádómurinn staðgreinir eylandið þannig að það sé á ysta jaðri jarðarinnar eða eins og fornþjóðirnar orðuðu það, *Ultima Thule*. Nafnið var um eitt skeið haft um ystu norðurvegu almennt en síðar var það bundið við Ísland. Sir Richard Burton hefur skrifað rit í tveimur bindum sem nefnist *Ultima Thule*. Þetta ritverk er lýsing á Íslandi, sem höfundurinn kallar „*Kanaan norðursins*“. Ísland er vissulega á ysta parti jarðarinnar því handan við það er ekki annað en ísi þakið heimskautshaf. Norðurströnd Íslands nemur við heimskautsbauginn.